

## Útfærsla launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2018 samkvæmt rammksamkomulagi aðila vinnumarkaðarins

Samkvæmt rammksamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, dags. 27. október 2015, skal árlega bera saman þróun launakostnaðarvísitölu fjögurra hópa opinberra starfsmanna, þ.e. félagsmanna ASÍ og BSRB hjá ríki og sveitarfélögum, við þróun á launakostnaðarvísitölu félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði. Verði mæld þróun launakostnaðar einhvers hinna fjögurra hópa opinberra starfsmanna lakari en á almennum vinnumarkaði skulu starfsmenn í þeim hópi fá launahækkanir (launaauka) til að jafna muninn, en verði þróunin opinberum starfsmönnum í hag skal jafna það við næstu ákvörðun.

Fyrsti samanburðurinn fór fram í árslok 2016 og skilaði félagsmönnum aðildarfélaga BSRB sem starfa hjá ríkinu 1,3 prósentu launaauka og félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ sem starfa hjá ríkinu 1,8 prósentu launaauka vegna þróunar launakostnaðar á tímabilinu nóvember 2013 til nóvember 2016. Á sama tímabili jókst launakostnaður meira hjá félagsmönnum ASÍ og BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum en launakostnaður jókst á almennum vinnumarkaði og kom því ekki til launaauka hjá þeim.

Þá skilaði samanburður vegna tímabilsins nóvember 2013 til nóvember 2017 félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ sem starfa hjá ríkinu 0,5 prósentu launaauka, félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ sem starfa hjá sveitafélögum 1,4 prósentu launaauka og félagsmönnum aðildarfélaga BSRB sem starfa hjá sveitafélögum 1,4 prósentu launaauka. Ekki kom til launaauka í tilviki félagsmanna aðildarfélaga BSRB sem starfa hjá ríkinu þar sem launakostnaður þeirra jókst meira heldur en launakostnaði á almennum vinnumarkaði á tímabilinu nóvember 2013 til nóvember 2017.

Niðurstöður þriðja og síðasta samanburðar á þróun launakostnaðar samkvæmt rammksamkomulagi aðila vinnumarkaðarins eru tilgreindar hér að neðan.

1. Niðurstöður launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2018 eru eftirfarandi:
  - a. Félagsmenn ASÍ sem starfa hjá ríkinu skulu fá 0,4 prósentu launaauka.
  - b. Félagsmenn ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum skulu fá 1,7 prósentu launaauka.
  - c. Félagsmenn BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum skulu fá 1,5 prósentu launaauka.
  - d. Ekki kemur til launaauka hjá félagsmönnum BSRB sem starfa hjá ríkinu.

Niðurstaðan byggir á útreikningum í neðangreindri töflu og launaaukar taka gildi frá 1.1.2019

### Vísitala reglulegra launa - nóvember ár hvert

	ASÍ			BSRB	
	Almennur	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.
2013	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2014	105,6	105,7	109,8	105,0	108,8
2015	115,2	113,3	114,6	113,8	113,9
2016	125,4	125,9	132,8	125,7	131,3
2017	135,0	134,8	138,7	137,4	138,8
2018	142,3	144,4	145,1	145,6	145,4

Hækkun reglulegra launa	42,3%	44,4%	45,1%	45,6%	45,4%
Framlag launagreiðenda til Isj. <sup>1</sup>	3,24%	1,35%	1,34%	1,35%	1,34%
Framlag í orlofssjóð 2016 <sup>2</sup>				0,16%	0,06%
Leiðrétting 2014 v. samnings 2011 <sup>3</sup>			-1,8%		-1,8%
Hækkun launakostnaðarvísitölu alls	47,0%	46,3%	44,4%	47,8%	44,7%
<b>Frávik frá ASÍ-Almennur, %<sup>4</sup></b>		<b>-0,4%</b>	<b>-1,7%</b>	<b>0,5%</b>	<b>-1,5%</b>

1. Samkvæmt kjarasamningi SA og aðildarfélaga ASÍ, dags. 21. janúar 2016 hækkar lífeyrisframlag launagreiðenda úr 8,0% í 11,5% á árunum 2016-2018. Í útreikningum er öll 3,5% hækkunin (3,24% kostnaðarhækkun) látin falla á ASÍ-Alm. árið 2016. Opinberir launagreiðendur greiða ígildi viðbótariðgjalds til að standa undir lögbundnum lífeyrisréttindum sem metið er til 1,5% árlegs kostnaðarauka og er einnig látið falla á árið 2016. 1,5% kostnaðarhækkun (1,34% eða 1,35%) nær einnig til félagsmanna ASÍ-sv.fél.

2. Aðildarfélög BSRB og fjármálaráðuneytið gerðu kjarasamning, dags. 28.10. 2015, um 0,2% hækkun á framlagi í orlofssjóð 2016. Áhrif á launakostnað eru metin 0,16%. Aðildarfélög BSRB og Reykjavíkurborg gerðu sams konar samning, dags. 13.11.2015, sem einnig er metinn til 0,16% kostnaðar en hann náði til 39% félagsmanna BSRB hjá sveitarfélögunum. Kostnaðarmatið verður því 0,06% (0,16%\*39%).

3. Leiðréttingin snýr að félagsmönnum ASÍ og BSRB í starfi hjá sveitarfélögum, öðrum en Rvk., og byggir á samkomulagi frá 4.11.2015 milli aðila rammisamkomulagsins. Launahækkunin sem dregst frá var 3,0% og kom til framkvæmdar í mars 2014. Vægi félagsmanna ASÍ hjá sveitarfélögum öðrum en Rvk. er 59% og vægi félagsmanna BSRB er 61%. Leiðrétting til frádráttar hjá ASÍ-sv.fél. er því -1,8%  $(-3,0\%*59\%)$  og BSRB-sv.fél. einnig -1,8%  $(-3,0\%*61\%)$ .

4. Frávík frá ASÍ-Almennur er sú prósentutala sem þarf til að jafna þróun launakostnaðar hjá ríki eða sveitfélögum við almennan vinnumarkað. Prósentan er reiknuð út með því að deila með samtals hækkun á launakostnaðarvísitölu fyrir ríki eða sveitafélög í hækkun sambærilegrar vísitölu fyrir almennan vinnumarkað.

## 2. Áhrif launaþróunartryggingar

Gildistími kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og rammisamkomulags um sameiginlega launastefnu var til sama tíma eða ársloka 2018. Kjarasamningar ríkis og sveitarfélaga giltu nokkrum mánuðum lengur.

Launaþróunartrygging hefur ekki áhrif á umsamdar launahækkanir innan ofangreinds samningstímabils.


- Við mat á áhrifum hvernar mælingar skal litið til heildarsamningstímabilsins frá nóvember 2013 til tímabils mælingar.
- Samningsaðilar skulu útfæra sín á milli hvernig launauki sem kann að koma til vegna launaþróunartryggingar verði ráðstafað.
- Ef í ljós kemur, við mælingu á launakostnaðarvísitölum hjá ríki og sveitarfélögum við lok samningstímabils, að þær hafi hækkað umfram sambærilega vísitölu fyrir almennan vinnumarkað skal samið um það við næstu samningsgerð hvernig það verði jafnað á næsta samningstímabili.
- Verði ekki samið um framhald launaþróunarviðmiða við næstu kjarasamninga kemur c-liður ekki til framkvæmda.

Á heildarviðmiðunartímabilinu frá nóvember 2013 til nóvember 2018 jókst launakostnaður vegna félagsmanna aðildafélaga BSRB sem starfa hjá ríkinu meira en launakostnaður á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt niðurstöðum hér að ofan er þessi umframaukning samtals 0,5 prósent.


Aðilar eru sammála um að við næstu útfærslu á launaþróunartryggingu, eða í sambærilegu fyrirkomulagi þar sem opinberum starfsmönnum er tryggt sú launaþróun sem verður á almennum vinnumarkaði, komi framangreind 0,5 prósent til lækkunar á framtíðar launauka félagsmanna aðildafélaga BSRB sem starfa hjá ríkinu.

Reykjavík, 16. apríl 2019

F.h. Alþýðusambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins




F.h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja



F.h. fjármála- og efnahagsráðherra



F.h. Reykjavíkurborgar



F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

